



## Mál nr. S-165/2024 – Reglugerð um úthlutun aflamarks grásleppu til nýliða.

### Niðurstöður samráðs.

Þann 22. ágúst 2024 voru birt drög að reglugerð um úthlutun aflamarks grásleppu til nýliða. Reglugerðin byggir m.a. á breytingum laga nr. 102/2024 um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 og lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (veiðistjórn grásleppu) sem tóku gildi 1. september 2024. Með gildistöku laganna eru grásleppuveiðar hlutdeildarsettar, kveðið á um staðbundinn veiðisvæði grásleppu og aflamark til nýliða.

Í 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða segir „Því aflamarki sem dregið er frá heildarafla grásleppu skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að úthluta gjaldfrjálst til þeirra sem eru að hefja grásleppuveiðar í fyrsta skipi. Fiskistofa annast framkvæmd við úthlutun aflamarks til nýliða. Ráðherra skal mæla nánar fyrir um úthlutun aflamarks til nýliða í reglugerð, m.a. um skilyrði til að teljast vera nýliði, skilyrði til úthlutunar, hámarksafla og ráðstöfun aflamarks sem ekki er úthlutað til nýliða innan hvers fiskveiðiárs. Fyrir úthlutun aflamarks til nýliða skal nýliði greiða þjónustugjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga um Fiskistofu, nr. 36/1992.“

Um er að ræða nýja reglugerð. Í reglugerðinni er kveðið á um skilyrði þess að vera nýliði, auglýsingu og umsókn og úthlutun aflamarks í grásleppu til nýliða. Samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2024/2025 og almanaksárið 2025, nr. 817/2024 nemur afli grásleppu til úthlutunar til nýliða samtals 65 tonnum, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Veittur var frestur til og með 29. ágúst 2024 til að skila umsögnum, athugasemdum og ábendingum um drög reglugerðarinnar. Þrjár umsagnir bárust um drög reglugerðarinnar ásamt ábendingum frá Fiskistofu og eftirfarandi eru helstu athugasemdir og ábendingar og viðbrögð ráðuneytisins við þeim:

#### 2. gr. Nýliði.

Umsagnaraðilar bentu á að aflamarki er úthlutað á skip og því þyrfti að vera skýrt að aflamark í grásleppu fer á skip í eigu nýliða en ekki til sjálfs nýliðans. Þá voru gerðar breytingar á afmörkun þess hverjir teljast vera nýliðar og er lagt til að nýliði sé aðili sem á skip og skipið hefur ekki skráða aflahlutdeild eða fengið úthlutað aflahlutdeild í grásleppu vegna fiskveiðiársins 2024/2025.

#### 3. gr. Auglýsing og umsókn um aflamark í grásleppu.

Gerðar voru orðalagsbreytingar á ákvæðinu og bætt við tilvísun til reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni sem gildir á hverjum tíma fyrir viðkomandi fiskveiðiár og almanaksár. Þá voru gerðar lagfæringar á orðalagi ákvæðisins.

#### 4. gr. Úthlutun aflamarks.

Nánar var kveðið á um úthlutun aflamarks og lagt til að 0,4% af aflamarki leyfilegs heildarafla verði að hámarki úthlutað á skip í stað 10 tonna eins og kynnt var í drögum í samráðsgátt. Þannig taki hámarkið mið af þeim leyfilega heildarafla sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Þá voru gerðar lagfæringar á orðalagi ákvæðisins.

#### 5. gr. Viðurlög.

Ákvæðið fellt út þar sem viðurlög er að finna í viðkomandi ákvæðum laga og ákvæðið því óþarft.



6. gr. *Gildistaka*.

Ákvæðið efnislega óbreytt en ákvæðið verður 5. gr. reglugerðarinnar.

Reglugerðin með framangreindum breytingum var staðfest af ráðherra 25. nóvember 2024 og birt í B. deild Stjórnartíðinda þann 6. desember 2024 og er reglugerðin nr. 1441/2024.

*Matvælaráðuneyti, 10. desember 2024.*